

Alþingi
Erindi nr. P 141/261
komudagur 31.10.2012

Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur
netfang: arnid65@gmail.com

Kópavogur, 31. október 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 179. mál, 141. löggjafarþing.

Undirritaður er tilbúin að koma á fund nefndarinnar og gera nánar grein fyrir tillögum sínum og svara spurningum. Eftirfarandi athugasemdir eru við fyrirbyggjandi frumvarp til umferðarlaga.

55. grein

Undirritaður lýsir stuðningi við hækkun bílprófsaldurs í 18 ár, sem lögð er til í þessu frumvarpi.

83. grein.

Lagt er til að hugtakið þéttbýli verði felld brott úr 2. mgr. 83. gr. Málsgreinin verði svona:

„Sveitarstjórn er heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.“

Skýring:

Óþarfi er að binda þetta ákvæði við þéttbýli. Til dæmis er eðlilegt að gjaldtaka sé á stöðureitum sem eru reistir með ærinni fyrirhöfn og kostnaði við ferðamannastaði. Óeðlilegt er að notkun bíleigenda á þessum stæðum skuli vera niðurgreidd af öðrum í samfélaginu. Athygli er vakin á því að aðeins eitt sveitarfélag á landinu virðist hafa sett reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Lagt er til að sett verði inn nýjar málsgreinar í 83. grein svo hljóðandi:

„Lóðarhöfum er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita á lóð og gjald fyrir hana. Þeir geta og bundist samtökum og stofnað rekstrarfélag um rekstur stöðureita á lóðum sínum og gjald fyrir hana. Gjaldtaka lóðarhafa fyrir notkun stöðureits fellur ekki undir 110. grein laganna. Lóðarhafa er heimilt að leggja á aukastöðugjald ef reglur um notkun stöðureits eru brotnar. Upphæð aukastöðugjalds má þó ekki vera hærra en 20.000 kr á dag.“

Skýring:

Eðlilegt er að lóðarhafar geti rukkað fyrir afnot af bílastæðum sem þeir hafa kostað og eru svo sannarlega ekki ókeypis. Skynsamlegt er að margir lóðarhafar geti bundist samtökum og stofnað sér rekstrarfélag um stöðureitinn. Þar sem um gjald fyrir afnot er að ræða er óeðlilegt að líta á gjaldtökuna sem annað en þjónustugjald fyrir veitta þjónustu og því óeðlilegt að vísa til 110. gr. laganna. Tilgangur stöðugjalda er einkum tvennskona. 1) Að láta þann sem notar stöðureitinn borga fyrir afnotin en ekki óskylda aðila svo sem útsvarsgreiðendur eða þá sem ekki nota bíl. Með „ókeypis“ bílastæðum er verið að niðurgreiða notkun einkabíla fyrir eigendur þeirra og láta alla bera kostnaðinn af einkanotum bílaeigandans. 2) Að tryggja viðunandi framboð af bílastæðum þar sem margir eiga leið um og sumir myndu láta bíla standa of lengi og of nálægt þeirri þjónustu sem sótt er og hindra þar með aðgang annarra að. Með aukastöðugjöldum er tryggt að notendur stöðureita fari eftir reglum um tímalengd, og vandaða stöðu bíls í stæði þannig að einn bíll leggi t.d. ekki í tvö stæði. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa ákvæði um aukastöðugjald. Rétt er þó að binda upphæð aukastöðugjalds við hámarksupphæð svo það verði lóðarhöfum ekki að fépúfu og er hér miðað við ákvæði 110. gr. sem dæmi.

Lagt er til að sett verði inn ný málsgrein í 83. grein, svo hljóðandi:

„Reglur um notkun stöðureita og gjaldskrá fyrir hana skal auglýst í stjórnartíðindum og á áberandi stað við stöðureit. Innheimta má stöðugjöld með lögtaki í viðkomandi ökutæki.“

Skýring:

Eðlilegt er að reglur og gjaldskrá sé auglýst almenningi og öðrum notendum.

Lagt er til að sett verði inn ný málsgrein í 83. grein, svo hljóðandi:

„Sveitarstjórn og lóðarhöfum er heimilt að fela óháðum rekstraraðila eftirlit með notkun stöðureita. Rekstraraðilar stöðureita skulu hafa gæðakerfi. Stöðugjöld og aukastöðugjöld skulu þó ávallt renna til sveitarstjórna eða lóðarhafa.“

Skýring:

Eðlilegt er að hægt sé að fela fyrirtæki eða félagi með ýmsum rekstrarformum að annast rekstur og eftirlit með stöðureitum. Jafnframt er rétt að vinnubrögð þess séu stöðluð og vönduð í hvívetna og skal það tryggt með gæðakerfi. Girða þarf fyrir það að rekstraraðili hafi óeðlilegan hag af töku gjalda með því að hann verði óháður innkomu vegna gjaldtöku.



Árni Davíðsson

(undirskrift í frumriti)